



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við endurbætur á Gröndalshúsi

Á fundi borgarráðs 25. október s.l. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar við endurbætur á Gröndalshúsi og í hverju fólust framkvæmdirnar? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðarliða.“

Umsögn Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Gröndalshús stóð upphaflega að Vesturgötu 16b. Húsið var byggt 1881, en Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson, keypti húsið 1888 og bjó í því þar til hann lést 1907. Húsið er talið hafa mikið menningar- og byggingarsögulegt gildi sakir aldurs, sögu og gerðar sinnar og er friðað. Reykjavíkurborg keypti húsið 2006 með flutning þess í huga. Það var flutt árið 2009 og hafin viðgerð á því á Grandagarði í atvinnutengdu samstarfsverkefni með Völundarverki. Um var að ræða endurbætur á ytri klæðningu, gluggum og þaki. Eftir endurbætur Völundarverks stóð húsið ónotað og óupphitað allt þar til ákveðið var að flytja það á endanlegan stað að Vesturgötu 5b. Á árinu 2014 steypiti Minjavernd undirstöður undir húsið á nýrri lóð og á vormánuðum 2015 var hlaðinn grágrýtissökkull undir það og það flutt á hann í lok apríl. Í grunni hússins var útbúin íbúð til að auka notgildi hússins. Fornleifar fundust er grunnur var tekinn fyrir húsið á nýrri staðsetningu og eftir fornleifauppgröft og skrásetningu fornleifa var heimilað að klára jarðvinnu. Húsið var allt endurgert að innan en einnig reyndist nauðsynlegt að endurglerja húsið sem og endurgera þakið vegna rakaskemmda eftir langa geymslu úti á Granda. Einnig voru milligólf endurbyggð frá grunni til að auka burðargetu þeirra. Allri endurgerð hússins var hagað samkvæmt friðun þess sem og menningar- og byggingarsögulegra gilda þess. Reynt var að aðlaga húsið eins og kostur var að aðgengismálum þrátt fyrir form og aldur þess. Þá var gengið frá lóð og hún aðlöguð að svæðinu í kring. Í samningi milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar voru valkvæð atriði varðandi eignarhald hússins. Að niðurstöðu varð að Reykjavíkurborg er eigandi hússins en Minjavernd annaðist endurgerð þess. Endurbyggingu hússins lauk í maí 2017. Húsið er leigt af Menningar og ferðmálasvið og nýtt fyrir Bókmenntaborg Reykjavíkur og er þar bæði sýning um Benedikt Gröndal og aðstaða fyrir rithöfunda og fræðimenn.

Frá árinu 2009 þegar verkefni Völundarverks hófst og til dagsins í dag hefur kr. 238 milljónum verið varið í endurbætur á Gröndalshúsi. Sundurliðun helstu kostnaðarliða sem og kostnaður á hverju ári eru í fylgiskjali.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Sundurliðun kostnaðarliða

Samningur Reykjavíkurborgar og Minjaverndar, dags. 23. apríl 2014

Svar við fyrirspurn frá 2010 um stöðu Völundarverks, dags. 26. október 2010

Ár	Fjárhæð
2009	7.890.421
2010	21.005.898
2011	1.855.054
2012	225.233
2013	985.070
2014	1.398.987
2015	47.433.527
2016	67.131.525
2017	90.119.616
2018	76.810
Heildarsumma	238.122.141

Kostnaðarliður	Fjárhæð
Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1.940.563
Blikksmíði	572.735
Eftirlitsgjöld og önnur opinber gjöld	1.141.237
Eftirlit sérfræðinga	314.720
Endurgr. leiðr. vsk. frá fyrri árum	44.263
Fæðiskaup og matarbakkar	33.600
Hiti	10.801
Landleiga	798.000
Húsasmíði	183.852.309
Járnsmíði	482.821
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-188.796
Kostnaðarhlutdeild í sameiginl. húsnæði	522.220
Kostnaðarhlutdeild í verklegum framkvæmdum	7.890.421
Ljósmyndun, myndbanda- og kvikmyndagerð	36.270
Málun	34.543
Millifærð launatengd gjöld	2.313.584
Milliviðskipti bifreiðar, vélar og tæki	337.960
Milliviðskipti eigin vinna á verk	1.167.989
Milliviðskipti umsjón og eftirlit á verk	10.506.663
Móttöku- og eyðingargjöld	10.037
Múrverk	243.387
Pípulögn	280.556
Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun og skönnun	580
Raflögn	1.013.239
Rannsóknarstofur	20.788
Samningskaup	2.887.525
Sendibílar - vöruflutningar	95.298
Síma- og fjarskiptagjöld	2.382
Skipulagsgjöld	292.392
Timbur og trjávörur	1.738
Tré og runnar	100.860
Útboðsverk	1.632.657
Verkfræðingar og tæknifræðingar	1.184.211
Vélaleiga	404.712
Viðhalds- og þjónustusamningur	218.250
Vinna Orkuveitu Reykjavíkur	280.332
Vörubílar, dráttarbílar, festivagnar	1.134.345
Ýmis starfsmannakostnaður	30.089
Önnur sérfræðiþjónusta	9.883.006
Önnur tæki og búnaður	2.987.730
Önnur vörukaup	10.222
Öryggisvarsla	307.299
Ýmis annar kostnaður	3.288.602
Heildarsumma	238.122.141

Reykjavíkurborg og Minjavernd hf. hafa átt í viðræðum um úrlausn nokkurra aðkallandi verkefna Reykjavíkurborgar sem eru á sérsviði Minjaverndar hf. Um er að ræða endurbyggingu og í sumum tilvikum flutning húsa í eigu Reykjavíkurborgar eða sem ætla má að verði eign borgarinnar. Hús þessi eru og hafa öll verið í bágbornu ástandi og nýting þeirra hefur að hluta verið ógerleg vegna ástands eða staðsetningar. Húsin eru öll talin hafa menningar- og/eða byggingarsögulegt gildi. Viðræður hafa haft það markmið að leita einfaldra og hagkvæmra leiða til að ná fram heildstæðri lausn á alls fimm verkefnum. Samhliða verði tryggð fagleg framvinna og niðurstaða sem hæfi viðkomandi verkefnum og standist kröfur um húsverndun og frágang í hverju tilviki fyrir sig..

Verkefnin eru eftirfarandi: Stórasel að Holtsgötu 41b, Hringbraut 116-118, Norðurpóll og Sóttvarnarhúsið að Ánanaustum 11, sem og lóðir sem henta viðkomandi húsum eða öðrum flutningshúsum. Jafnframt nær samningurinn til flutnings á Gröndalshúsi frá núverandi stað sínum á Grandagarði og að koma því fyrir á lóð að Vesturgötu 5b.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7069 og Minjavernd hf. kt 700485-0139 gera á grundvelli framangreindra viðræða heildarsamkomulag um öll þessi verkefni sem tilgreind eru hvert um sig í þessum

r a m m a s a m n i n g i.

1. grein.

Stórasel að Holtsgötu 41b. Húsið er tvöfaldur steinbær, nyrðri burst talin byggð 1884 og syðri burst 1893. Á undanförnum áratugum hefur hluta vegghleðslu hússins verið raskað samhliða því sem byggðar hafa verið skúrbyggingar utan og ofan á upphaflegar burstir.

1a. Gert er ráð fyrir því að húsið verði endurgert sem íbúðarhús sem það hefur verið alla tíð. Teknar verði niður allar viðbyggingar við það. Steinhleðsla verði endurgerð þar sem hún er horfin. Burstir verði lagfærðar, hugsanlega tengdar saman og byggð býslög sitt til hvorrar hliðar. Heildaryfirbragði og sérkennum verði eins lítt raskað frá upphaflegu formi og kostur er.

1b. Reykjavíkurborg mun afsala heildareigninni til Minjaverndar ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Hvort tveggja án endurgjalds.

1c. Minjavernd mun bera alla ábyrgð á framkvæmd endurgerðar hússins, bæði faglega og fjárhagslega. Stefnt er að því að eignin verði seld að endurgerð lokinni, en ekki eru sérstök tímamörk á verklokum.

1d. Reykjavíkurborg mun leita eftir því við íbúa nærliggjandi húsa að vegslóða sem liggur beint fyrir framan húsið verði hnikað um breidd sína frá húsinu til suðurs og gengið snyrtilega frá honum með malbiki eða hellulögn. Verði ekki kostur á því mun slóðinn áfram hafa núverandi staðsetningu, en verða endurgerður með hellulögn og



tilheyrandi frágangi. Hvor niðurstaða sem verður skal unnin í fullu samráði við Minjavernd og að fullu kostuð af Reykjavíkurborg.

2. grein.

Hringbraut 116-118. Húsið er timburhús á steyptri plötu með kjallara, tvær íbúðareiningar með steypum brunavegg á milli. Húsið var byggt 1934. Það er á lóð Vesturbæjarskóla og þarf að hverfa þaðan sökum fyrirhugaðrar viðbyggingar. 2a.

Gert er ráð fyrir því að húsið verði flutt af núverandi stað sínum á lóð að Meistaravöllum 3 og verði þar endurbyggt sem tvíbýlishús.

2b. Reykjavíkurborg mun afsala húsinu til Minjaverndar þar sem það stendur við Hringbraut. Jafnframt verður gengið frá hefðbundnum lóðarleigusamningi fyrir húsið að Meistaravöllum 3. Hvort tveggja án endurgjalds.

3c. Minjavernd mun bera alla ábyrgð á framkvæmd flutnings og endurgerðar hússins, bæði faglega og fjárhagslega. Stefnt er að því að húsið verði selt að flutningi og endurgerð lokinni. Húsið verður endurgert fyrir tvær íbúðir. Ekki eru tímamörk á verklokum, en húsið skal hafa verið fjarlægt af núverandi stað sínum í ágúst 2015.

3d. Reykjavíkurborg mun leggja fram tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagt hvar lagt verði til að eftirtöldum atriðum núgildandi skipulags verði breytt.

a. Í gildangi deiliskipulagi er gert ráð fyrir kjallara undir húsinu með fullri lofthæð, en hann nýtist ekki sem íverurými að neinu leyti. Gerð verði tillaga að þeirri breytingu að húsinu verði lyft ögn upp, og / eða að jarðvegur sunnan hússins verði lækkaður þannig að í suðurhluta kjallara geti verið íbúðarherbergi í samræmi við gr. 6.7.4 í byggingarreglugerð m.s. breytingum. Geymslur verði því í norðurhluta kjallara.

b. Gerð verði tillaga um að byggja megi eitt býslag við suðurhlið hússins er nýtist sem tvö lítil fordyri innganga að íbúðum með tröppum til sitt hvorrar áttar.

3. grein.

Norðurpóll. Húsið stóð áður að Laugavegi 125. Það er timburhús með lágreistu þaki og stóð á hlöðnum kjallara. Húsið var flutt og stendur nú á svæði bækistöðvar Reykjavíkurborgar að Stórhöfða. Reykjavíkurborg hefur látið geta húsið upp að töluverðu leyti að ytra byrði.

3a. Gert er ráð fyrir því að húsið verði flutt á lóð við Hlemm. Fyrir liggur deiliskipulag að þeirri staðsetningu, sem er í endurskoðun.

3b. Reykjavíkurborg mun afsala húsinu til Minjaverndar. Jafnframt verður gengið frá hefðbundnum lóðarleigusamningi fyrir húsið við Hlemm, á nýrri lóð norðan Rauðarárstígs 23. Hvort tveggja án endurgjalds.

3c. Minjavernd mun bera alla ábyrgð á flutningi og framkvæmd endurgerðar hússins, bæði faglega og fjárhagslega. Stefnt er að því að eignin verði seld að endurgerð lokinni, en ekki eru sérstök tímamörk á verklokum. Gert er ráð fyrir því að húsið verði endurgert sem atvinnuhúsnæði.

3d. Reykjavíkurborg vinnur nú að breytingu á deiliskipulagi fyrir allt umhverfi að Hlemmi. Flutningur hússins þangað er í því ljósi gerður að húsið verði hluti af breyttu yfirbragði svæðisins. Reykjavíkurborg mun hafa samráð við Minjavernd um nánari útfærslu skipulags og svæðis, staðsetningu hússins og því sem að nágrenni hússins lýtur. Við gerð deiliskipulags verður lagt til að heimilt verði að setja einn þervkvist á miðju þaks í stað þess háa einhalla kvists sem nú er.

4. grein.

Sóttvarnarhúsið að Ánanaustum 11. Húsið stendur nú á lóð í eigu ríkissjóðs við Ánanaust. Það er bárujárnsklætt timburhús á hlöðnum sökkli, byggt 1905 - 1906. Viðræður hafa verið um kaup Reykjavíkurborgar á þeirri lóð fyrir nýbyggingar.

4a. Hafi viðræður milli Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs framgang, mun Reykjavíkurborg afsala húsinu til Minjaverndar. Jafnframt verður þá gengið frá hefðbundnum lóðarleigusamningi fyrir húsið á lóðinni Nýlendugata 34. Hvort tveggja án endurgjalds.

5b. Minjavernd mun bera alla ábyrgð á flutningi hússins og endurbyggingu þess bæði faglega og fjárhagslega. Stefnt yrði að því að eignin verði seld að flutningi og endurbyggingu lokinni. Minjavernd skal tryggja að húsið verði flutt innan þeirra tímamarka sem önnur framvinda á svæðinu krefst.

5c. Ekki liggur fyrir hvort húsið yrði nýtt fyrir íbúðir eða atvinnustarfsemi. Verði það niðurstaða að húsið verði flutt munu valkostir nýtingar verða skoðaðir frekar og verði þá á því þörf mun Reykjavíkurborg leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem falla mun að fyrirhugaðri notkun og þá þeim breytingum á húsinu sem þörf verður talin á.


5. grein.

Gengið verður frá afsali, mæliblöðum og lóðarleigusamningum hvers verks um sig sbr. greinar 1 til 4 í eðlilegu framhaldi af undurritun samnings þessa og munu lögskil eigna miðast við dagsetningu afsals í hverju tilviki. Af hálfu Reykjavíkurborgar kemur skrifstofa eigna og atvinnuþróunar fram f.h. borgarinnar við úrvinnslu samnings.

6. grein.

Gröndalshús. Húsið var byggt 1881 og stóð áður á hlöðnum sökkli að Vesturgötu 16 b, en var flutt og stendur nú á járnum á Grandagarði. Húsið hefur verið lagfært að töluverðu leyti að ytra byrði, en er með öllu óunnið innan. Fyrir liggur ákvörðun um flutning þess að Vesturgötu 5b. Fyrir liggur samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir húsið á þeirri lóð, en í skipulaginu eru takmarkanir hvað varðar notkun þess.

6a. Reykjavíkurborg mun fela Minjavernd að annast fyrir reikning flutning hússins af núverandi stað þess að Vesturgötu 5b.



6b. Samningsaðilar munu í sameiningu skoða valkosti varðandi framtíðarnýtingu hússins. Við þá skoðun mun verða höfð hliðsjón af fyrirbyggjandi ákvæðum í skipulagi að Vesturgötu 5b um notkun hússins og umgengni um lóð þess. Gildandi ákvæði munu hafa það í för með sér að koma þarf til fjármagn af hálfu Reykjavíkurborgar til að standa alfarið straum af endurbyggingu þess. Jafnframt munu koma til skoðunar hugsanlegir aðrir valkostir varðandi notkun hússins sem haft geta áhrif á fjármögnun framkvæmdar endurbyggingar þess. Gert er ráð fyrir að athugun þessi liggi fyrir um sama leyti og húsið verður komið á sinn framtíðarstað og mun Reykjavíkurborg þá taka ákvörðun um með hvaða hætti staðið verður að lokaáfangi endurbyggingar þess.

6c. Taki Reykjavíkurborg ákvörðun um að halda óbreyttum ákvæðum í deili-skipulagi, mun Minjavernd ljúka við endurgerð hússins á grundvelli þá fyrirhugaðrar notkunar og ákvörðunar Reykjavíkurborgar fyrir reikning. Taki Reykjavíkurborg hins vegar ákvörðun um að hverfa frá gildandi takmörkunum á grundvelli annarra valkosta sem tryggt geta aðra fjármögnun framkvæmda, getur Reykjavíkurborg afsalað húsinu til Minjaverndar sem mun þá annast, kosta og bera ábyrgð á framhaldi verksins. Í báðum tilvikum er því gert ráð fyrir að fyrirkomulag endurbyggingar, notkun hússins og fjármögnun framkvæmdar þessa seinni áfanga liggi fyrir þegar ákvörðun verður tekin.

7. grein.


Minjavernd tekur á sig fulla fjárhagslega áhættu á allri framvindu hvers samningsliðar samnings þessa sbr. liði 1 til 4 og eftir atvikum valkvæðum þáttum í lið 6 og Reykjavíkurborg greiðir enga fjármuni beint út vegna þessa samnings hvorki við samningsgerð eða síðar að undanskildum valkvæðum þáttum í lið 6. Ljóst er að fjárhagsleg áhætta Minjaverndar getur verið töluverð, þótt misjöfn sé eftir verk-efnum. Sem endurgjald fyrir þá áhættu eða mótframlag leggur Reykjavíkurborg án endurgjalds til Minjaverndar tvær lóðir. Lóðirnar eru Seljavegur 1 og Bergstaðastræti 18. Gengið verður frá lóðarleigusamningum þessum í eðlilegu framhaldi af frágangi samnings þessa og þær verða án kvaða utan þess sem greinir í nágildandi viðkomandi skipulagsákvæðum.

8. grein.


Komi upp ólík viðhorf aðila til samningsákvæða þessara og aðilar ná ekki að leysa þar úr í viðræðum skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


F.h. Minjaverndar hf.,

Reykjavík 23. apríl 2014.


F.h. Reykjavíkurborgar,

Vottar:


141258-1279
130433-5554





Borgarráð Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks í borgarráði 2. september 2010

Fyrirspurn:

Óskað er ýtarlegra upplýsinga um stöðu Völundarverks og þeirra verkefna sem þar hafa verið í gangi í tengslum við verndun gamalla húsa og uppbyggingu í miðborginni. Svo virðist sem ákvarðanir nýs meirihluta um breytta forgangs röðun fjármagns hægi nokkuð á þessu mikilvæga verkefni og því nauðsynlegt að fá glögga mynd af stöðu þess.

Svar:

Völundarverk var sett á laggirnar sem átaksverkefni til að sjá um endurgerð gamalla húsa í eigu borgarinnar. Verkefnið er tímabundið verkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun, Minjasafn Reykjavíkur og ÍÐUNA-fræðslusetur. Tilgangurinn var m.a. að endurmennta iðnaðarmenn til endurgerðar gamalla húsa. Miðað var við að iðnaðarmenn á atvinnuleysisskrá yrðu ráðnir til starfa hjá borginni eftir að hafa farið á námskeið í endurgerð gamalla húsa. Námskeiðin voru sambærileg við þau sem haldin voru á vegum Húsafriðunarnefndar og Minjasafns Reykjavíkur og miðuðu fyrst og fremst við timburhús. ÍÐAN-fræðslusetur hélt utan um námskeiðin sem voru styrkt af Húsafriðunarnefnd, Minjasafninu, Vinnumálastofnun, Samtökum iðnaðarins og Reykjavíkurborg.


Borgarráð samþykkti að sérstakur starfshópur yrði settur yfir verkefnið. Hlutverk hópsins var að hafa yfirsýn með framvindu verkefnisins, upplýsa borgarráð um gang mála og skipa verkefnisstjórn.

Stýrihópurinn tók allar ákvarðanir í verkefninu, til dæmis um hvaða hús eða minjar voru valin sem átaksverkefni. Þetta fyrirkomulag hafði það í för með sér að yfirsýn yfir verkefni Völundarverks og fjármagn sem fór til þeirra var ekki hjá Framkvæmda- og eignasviði og framkvæmda- og eignaráði heldur hjá stýrihópnum (stjórninni).

Nú er staðan sú að Reykjavíkurborg á lítið af húsum sem gætu hentað til endurgerðar og ekki er gert ráð fyrir að kaupa hús sérstaklega til verkefnisins. Eftir sem áður munu Húsafriðunarnefnd, Minjasafn Reykjavíkur og ÍÐAN-fræðslusetur væntanlega halda áfram námskeiðum um endurgerð gamalla húsa.

Engin verkefni eru nú unnin undir hatti Völundarverks. Hópur sem vann að endurgerð Laugavegar 4 og 6 hætti störfum 22. september. Verið er að ljúka endurgerð Laugavegar 4 og 6 með hefðbundnum hætti á vegum Framkvæmda- og eignasviðs. Gröndalshús og Norðurpólinn bíða flutnings á nýja lóð en búið er að vinna við lagfæringu húsanna að utan. Framkvæmda- og eignasvið tók yfir framkvæmdir við Lækjargötu 2 sem höfðu verið í höndum Völundarverks til loka júlí.

Auk þessa átakswerkefnis er Framkvæmda- og eignasvið í samvinnu við Vinnumálastofnun um ráðningu fólks, einkum iðnaðarmanna, af atvinnuleysisskrá í sérstök átakswerkefni. Ráðning fólks er með sambærilegum hætti og hjá Völundarverki. Verkefnin eru mörg hver þannig að um er að ræða viðhald og viðgerðir á eldri húsum en falla þó ekki undir skilgreiningu þá sem Völundarverk starfaði eftir sem er að húsin séu gömul timburhús í miðborginni.



Hrólfur Jónsson,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Minnisblað aðstoðarsviðsstjóra Framkvæmda- og eignasviðs dags. 9. desember 2010

MINNISBLAÐ

Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Í framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir því að verja 150 mkr til átaksverkefna í samvinnu við Vinnumálastofnun (VMST). FER hefur verið í samvinnu við VMST um tvenns konar verkefni. Annars vegna endurgerðar gamalla húsa í miðborginni (Völundarverk) og hins vegar átaksverkefni um ýmis smærri verkefni. Tveir 16 manna hópar voru ráðnir í endurgerð gamalla húsa en a.m.k. 6 smærri hópar vegna annarra verkefna. Það sem þótti sérstaklega vel til takast í Völundarverki var að í upphafi verks voru haldin 4 vikna námskeið í endurgerð gamalla húsa. Margir af þeim sem fóru í hin verkefnin minntust á að þeir vildu fá námskeið sem tæki mið af því verkefni sem fara átti í.

Lagt er til að það besta úr báðum aðferðum við átaksverkefnin ársins 2010 verði nýtt til að skipuleggja átaksverkefni 2011. Gert verði ráð fyrir að öll átaksverkefni sem eru í samvinnu við VMST séu sett í samskonar farveg, þau verði boðin út og það gert að skilyrði að ákveðinn fjöldi starfsmanna verði ráðnir af verkaka af atvinnuleysiskrá t.d. 25%. Ef um lítil verk er að ræða þyrfti að gæta þess að a.m.k. 2 yrðu ráðnir að verkinu að mati þeirra sem hafa reynslu af átaksverkefnum. Miða við að halda námskeið áður en verk eru hafin en margir þeirra sem fengu vinnu við átaksverkefni óskuðu eftir að fá að komast á námskeið. Námskeiðin verði þá mislöng eftir eðli verks og um mismunandi þætti. Þátttaka í námskeiði yrði þá sett sem skilyrði áður en til ráðningar komi.

Samvinna við Vinnumálastofnun er mikilvæg en gert er ráð fyrir að ráða fólk af atvinnuleysiskrá. Verktaki sem ráðinn er til verksins myndi þá fá fjármagn frá Vinnumálastofnun með hverjum starfsmanni sem nemur atvinnuleysisbótum. Skoða þarf sérstaklega í samvinnu við VMST með hvaða hætti starfmaður væri ráðinn og hvernig eftirliti með því að hann væri við vinnu. Jafnframt þyrfti að skoða sérstaklega hvort hægt er að ráða með þessum hætti atvinnulausa iðnnema sem eru á lokastigi starfsnáms til sveinsprófs en vantar nokkra mánuði til að geta lokið námi.

Samráð.

Framkvæmda- og eignasvið og Vinnumálastofnun auk IÐUNNAR- fræðsluseturs og Samtök iðnaðarins, Meistarafélag byggingarmanna (MFB) og Samiðn skipi stýrihóp sem fari yfir tillögur að verkefnum sem falla innan ramma átaksverkefna.

Verkefni.

FER leggur fram tillögu að verkefnum sem æskilegt er talið af hálfu Reykjavíkurborgar að fara í. Samráðsaðilar meta verkefnin út frá lögum, reglum og hversu mannaflsfrek þau eru sem og öðru sem taka þarf tillit til. Tekið verði tillit til þess þegar verkefni eru valin hvaða hópar eru fjölmennastir á atvinnuleysiskrá.

og

Tillögur um endurgerð gamalla húsa í eigu Reykjavíkurborgar koma frá fulltrúum Skipulags- og byggingarsviðs, Framkvæmda- og eignasviðs og Minjasafns Reykjavíkur í samráði við Húsafriðunarnefnd.

Átaksverkefni vegna eigna sem ekki eru í eigu Reykjavíkurborgar

Það fjármagn sem ætlað er til átaksverkefna hjá Reykjavíkurborg nær ekki til eigna sem ekki eru í eigu borgarinnar. Lagt er til að borgin hafi frumkvæði að því að kalla saman aðila frá Framkvæmdasýslu ríkisins, Húsafríðunarnefnd og sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu ásamt fulltrúum í samráði og Minjasafni Reykjavíkur. Þessi hópur kanni möguleika á því að skapa grundvöll fyrir því að verkefni á vegum ríkisins, einkaaðila og sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu séu unnin með sambærilegum hætti og að frama er lýst. Einkum er haft í huga að notfæra sér þá þekkingu og reynslu sem fengin er í endurgerð gamalla húsa og námskeiða í tengslum við það. Hingað til hefur það fjármagn sem lagt var í endurgerðina takmarkast við að gefa aðeins atvinnulausum úr Reykjavík tækifæri til að sækja námskeið og fá vinnu við endurgerðina.

Kristín Einarsdóttir - 9. desember 2010

Minnisblaðið er unnið í samráði við Örn Baldursson og Margréti Leifsdóttur